



## Fundargerð

224. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 26. apríl 2017 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Karl Lauritzson, Sigríður Sigmundsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson, og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

### Dagskrá:

1. Málefni Skógarorku ehf.
2. Skýrsla framkvæmdsstjóra
3. Önnur mál

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

### 1. Málefni Skógarorku ehf.

Framlagður ársreikningur 2016 fyrir Skógarorku ehf. og fundargerð aðalfundar Skógarorku sem haldinn var 6. apríl síðastliðinn.

Aðalfundurinn samþykkti tillögu þess efnis að stöðva rekstur kyndistöðvarinnar sem allra fyrst og stjórn falið að ráðstafa eignum félagsins með sem hagkvæmustum hætti fyrir hluthafa.

Stjórn HEF ehf. harnar að svona sé komið fyrir þessu tilraunaverkefni, ein af meginástæðum þess er að ekki er framboð af hráefni (trjávið) frá skógræktendum til orkuframleiðslu.

### 2. Skýrsla framkvæmdastjóra

- a) Framkvæmdastjóri sagði frá og sýndi mynd af skemmd sem varð á heitavatnslögn í landi Kaldár. Skipta þarf um ca. 12 metra af lögninni.
- b) Lárétt stefnuborunarverkefni – framkvæmdastjóri fór yfir borunarverkefni sem þarf að leita tilboða í.
- c) Verkefnafundur HEF ehf. og Eflu 22. mars 2017 – framkvæmdastjóri fór yfir listann og lagði hann fram til kynningar.



- d) Endurnýjun á lögn að Urriðavatnsbæjunum – ljóst er að Vegagerðin vill ekki hafa pípuna í vegstæðinu sem er stefnubreyting frá því sem áður hefur verið rætt um á samráðsfundum. Efnið í lögnina kemur eftir mánaðamótin.
- e) Samorkuþing verður haldið á Akureyri dagana 4. - 5. maí n.k., þrír starfsmenn HEF ehf. hafa verið skráðir.
- f) Tillaga að deiliskipulagi Eyvindarár 13 – lagt fram til kynningar.
- g) Göngu- og lagnaleið yfir Eyvindará úr Votahvammi – til hugarflugs.

### 3. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri og formaður hafa tekið viðtöl við tvo umsækjendur um starf.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 13:35.

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson.